

## Fundur Foreldrafélags Lágafellsskóla – 6. Fundur - Skólaárið 2021-2022

### 25. janúar 2022 kl. 20.30 – Staðsetning: Fjarfundur

**Mættir:** Eva Ómarsdóttir, Helga Dóra Magnúsdóttir (fundarritari), Sævar Kristinsson, Petra Eiríksdóttir, Guðrún kristinsdóttir og Unnur Margrét Arnardóttir.

#### Dagskrá fundarins:

Eva og Petra fara á fund skólaráðs á morgun 26. Janúar 2022. Þar verður væntanlega farið betur yfir verkefnið „símalaus skóli.“

Eva sendi verkefnastjóra hjá Mosfellsbæ tölvupóst og spurði út í úttekt á skólalóðum í Mosfellsbæ. Eva fékk svar framkvæmdastjóra umhverfissviðs sem óskaði eftir því að við beinum fyrirspurnum sem þessum til „*þeirra sem eru í forsvari hjá sveitarfélaginu*“. Í svari hennar segir að Mosfellsbær sinni árlega innri og ytri úttektum á skólalóðum. Í fjárhagsáætlun 2022 hefði verið tekin sú stefnumarkandi ákvörðun að fara í frekari úttektir með það að markmiði að endurnýja lóðir leikskóla og grunnskóla og væri sú vinna nýhafin. Sagði að ekki lægi fyrir hvenær yrði í framkvæmdir en þegar það lægi fyrir yrði haft samráð um það við viðkomandi forstöðumenn og skólasamfélag. Hún benti á að það væri bæjarráð og bæjarstjórn sem tæki ákvörðun um allar eignfærðar framkvæmdir sveitarfélagsins.

Rætt var um að spyrja frambjóðendur til sveitastjórnakosninga út í fyrirætlanir og skoðun þeirra á þessum málum. Á fimmtudag verður opinn framboðsfundur hjá sjálfstæðisfélaginu á instagram hjá Mosfellingi. Foreldrafélagið hyggst spyrja út í þetta og hver stefnan er.

Sævar heyrði í Páli Líndal, hann ætlar að hitta okkur á skólalóðinni miðvikudaginn 2. febrúar kl. 16.

Petra talaði við Herðísi Storgaard og hún er reiðubúin til að hitta okkur, vonandi sem fyrst.

Rætt um skólalóðir annarsstaðar, þar sem sveitarfélög eru að vinna í að bæta skólalóðir, setja mjúkt undirlag, trampólín, hlaupabrautir og annað slík. Lóðirnar orðnar lúnar hér bæði á leikskólum og grunnskólum. Þekkingin er samt til staðar, Helgafellsskóli mjög flottur og mætti heimfæra það yfir á aðra skóla í bænum. Vantar framtíðarsýn og stefnu bæjarfélagsins í hvað eigi að gera við lóðirnar í framtíðana. Spurning til frambjóðenda.

Fréttir frá SAMMOS: Umræða að stofna SAMMOS fyrir leikskólana, t.d. SAMLEIK og ákveðið að setja það í farveg. Þau stofna sín eigin samtök og funda með SAMMOS. Fundur í gær með Bólinu, búið að óska eftir því fundartími yrði settur í fastar skorður. Liggur núna fyrir að funda annan þriðjudag í mánuði. Það á að breyta foreldraröltinu þannig að ákveðnir bekkir eigi kvöld, en ekki árgangar. Það yrði þá frá og með næsta skólaári. Verið að vinna bækling sem afhenda á foreldrum í 1. bekk. Rætt um mögulegt efni fyrir fyrirlestra fyrir foreldra, s.s. um tölvuleikja og samfélagsmiðlanotkun, eftirlitslaus partý í sumar, hjálmar á rafhjólum ofl. sem yrði fjármagnað með styrk frá Mosfellsbæ. Fyrirlestur með vorinu, ekki komin dagsetning.

Guðrún hjá bólinu talaði um að ungmennaráð hafi sett af stað hæfileikakeppni 2019, hún ætlar að kanna hjá bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hvort vilji sé fyrir því að taka upp þráðinn aftur. Annars að halda slíka keppni innan Mosfellsbæjar. Kom hugmynd hjá SAMMOS að halda hæfileikakeppni eins og Skrekk. Á næsta fundi verður umræðan tekin lengra. Í Reykjavík halda kennarar utan um undirbúning nemenda fyrir keppnina og á sumum stöðum er það valfag að taka þátt í Skrekk, spurning hvort það yrði hægt hér. Aukinn launakostnaður en líka hægt að skoða styrki. Ekki vilji fyrir því hjá Reykjavík að leyfa öðrum sveitarfélögum að taka þátt í Skrekk og því eina í stöðunni að hafa sérstakan viðburð vegna þessa.

Svo var umræða um muninn á 200 daga skóla í stað 180 daga skóla, skiptar skoðanir. Lagt til að kallað verði eftir skýringum, þar sem þetta var sett af stað sem tilraunaverkefni sem er orðið jafn gamalt og Krikaskóli. Veltum fyrir okkur hvort þetta er ennþá tilraunaverkefni og er það planið að hafa þetta þannig áfram, spurningar sem mætti spyrja á næsta fundi og óska eftir upplýsingum um frá Mosfellsbæ. 4 kennsluvikur auka sem eru mögulega skertar þar sem mörg börn í fríum í júní, kostir og gallar. Þau eru þá styttra í skólanum en fleiri daga (og því líklega lengur í frístund með auknum kostnaði). Á móti kemur að foreldra barna í 180 daga skóla þurfa að bera kostnað fyrir gæslu/námskeið í júní/júlí/ágúst, eftir skólaslit og fram að sumarleyfi foreldra.

Ný dagsetning fyrir kaffihúsakvöld. Fá Kolbrúnu fyrirlesara á kaffihúsakvöld í lok febrúar/byrjun mars.

Skipuleggja annan fyrirlestur jafnvel í lok mars, meira stílað inná foreldra yngra og miðstigs. Sabína Steinunn Halldórsdóttir er laus og til í að koma og halda fyrirlestur, annars vegar fyrir starfsfólk og hins vegar fyrir foreldra. Væri mögulega hægt á miðvikudegi kl. 14:30/15 sem er nýttur í starfsmannafund fyrir starfsfólk.

Rætt um að halda páskabingó og allur vilji til staðar fyrir því. 10. bekkur hefur séð um veitingasölu til að fjármagna útskriftarferð. Undirbúa söfnun vinninga.

Sævar ætlar að senda út á næstu tveimur vikum rukkun fyrir foreldrafélagsgjald, 1.500 kr. á fjölskyldu (þ.e. óháð fjölda barna sem foreldrar eru með í skólanum).

Eva ræddi við Lísu með Símfónuhljómsveitina, um að foreldrafélagið myndi bjóða og borga fyrir rútuferð. Lísa tók mjög vel í það og ætlaði að tala við sína deildarstjórnendur hvaða árgangur það yrði. Símfónuhljómsveitin er að bjóða skólum að koma til sín.

Sævar sagði okkur frá verkefni þar sem verið er að samþætta leik/skóla- og íþróttastarf. Spurning um að spyrja frambjóður einnig út í þetta, hvort sveitarfélagið myndi vilja styðja við þetta.

SAMMOS mætti ræða á næsta fundi um listaskólann, biðlistinn er rosalega langur, í amk 2-3 ár í sumt nám. Ef þetta var rætt í fyrra, hvert var þá svarið? Var skortur á kennurum? Guðrún segir að kennsla á hljóðfæri í Helgafellsskóla fari fram þar, innan skólans. Talað um að það sé líka í Lágafellsskóla. að hluta til en plássleysi sé vandamálið. Hugsunin að færa þessa kennslu í skólastarfið. Vangaveltur yfir því afhverju er bara boðið upp á einkatíma í tónlist, afhverju er ekki prófað að bjóða upp á kennslu fyrir fleiri en einn í einu, t.d. fyrstu árin. Hvort ekki sé hægt að hafa hóptíma.

Næsti fundur áætlaður í febrúar.

Fundi slitið kl. 21.45